



Erasmus+ kennara og starfsmannaskipti á háskólastigi

Hvaða kröfur þarf umsókn að uppfylla til að teljast gild?

Gæðaskali sem notaður er við val umsókna.

Fylgigögn sem þarf að skila að dvöl lokinni

Hvaða kröfur þarf umsókn að uppfylla til að teljast gild	
Umsókn telst gild ef:	<ul style="list-style-type: none">Lýsing í kennslu- eða starfsáætlun (Mobility Agreement) á fyrirhugaðri dvöl stenst gæðakröfur. <p>Til að rafræn umsókn sé gild verður að hengja við hana:</p> <ul style="list-style-type: none">Kennslu- eða starfsáætlun (Mobility Agreement) sem stenst gæðakröfur, undirritaða af umsækjanda og heimaskóla (viðeigandi yfirmanni). Áður en gengið er frá greiðslu styrksins þarf kennslu- eða starfsáætlunin að hafa verið undirrituð af umsækjanda, heimaskóla og gestastofnun og uppfærð ef við á.
Gæðaskali sem notaður er við val umsókna	
Uppfyllir ekki gæðakröfur	<ul style="list-style-type: none">Umsóknin uppfyllir ekki formkröfur (s.b.r. hér að ofan) og fer því ekki í gæðamat.Lýsing á fyrirhugaðri dvöl getur hvorki talist vera gestakennsla né starfsþjálfun.Lýsing á fyrirhugaðri dvöl er óljós eða of stutt og svarar ekki því sem spurt er að.Fyrirhuguð dvöl tengist persónulegu samstarfi umsækjanda eða persónulegum þörfum umsækjanda án sýnilegrar tengingar við starf eða þarfir heimaskólans.Umsókn getur ekki fengið styrk ef eitthvað af ofangreindu á við.
Ásættanleg umsókn	<ul style="list-style-type: none">Umsóknin uppfyllir formkröfur.Dvölin getur flokkast sem gestakennsla eða starfsþjálfun.Lýsing á dvöl, tilgangi og tengslum við starf og þarfir heimaskóla nær því að vera ásættanleg en sumum spurningum er lítið eða ekki svarað.Umsóknin mætti fá styrk ef heimaskóli getur ekki valið aðra betri.
Góð umsókn	<ul style="list-style-type: none">Umsóknin uppfyllir formkröfur.Dvölin er greinilega annað hvort gestakennsla eða starfsþjálfun.Lýsing á dvölinni er skýr og öllum spurningum svarað bæði í umsóknarformi og í „Mobility Agreement“ og hún hefur skýra tengingu við starf og/eða þarfir heimaskólans.Umsókn getur fengið styrk.
Til fyrirmyndar	<ul style="list-style-type: none">Umsóknin uppfyllir allar gæðakröfur góðrar umsóknar og hefur sérstaklega góða tengingu við starf og þarfir heimaskólans sem gæti notað umsóknina sem dæmi til að sýna öðrum starfsmönnum hvernig heimaskólinn vill nýta þessa styrki.Umsóknin á að fá styrk og má taka fram fyrir aðrar jafnvel þó hún berist eftir umsóknarfrest.
Fylgigögn sem þarf að skila að dvöl lokinni	
Að dvöl lokinni þarf að gera eftirfarandi	<ul style="list-style-type: none">Skila þarf undirritaðri staðfestingu á dvölinni; „<i>proof of attendance of the activity abroad in the form of a declaration signed by the receiving organisation specifying the name of the participant, the purpose of the activity abroad, as well as its start and end date</i>“ (gr. II.16.2.3.B í samningi háskóla og landskrifstofu).Skila lokaskýrslu á netinu. Ekki þarf að skila prentuðu eintaki. Styrkþegi fær tengil á lokaskýrsluna í tölvupósti. „<i>Participants who fail to complete and submit the on-line EU Survey may be required by their institution to partially or fully reimburse the financial support received.</i>“ (gr. 5.2 í samningi háskóla og styrkþega).

